

03.02.2026

Undirritaðar óska eftir greinargerð um úthlutun lóðarinnar á Nýbýlavegi 1 til Olíuverzlunar Íslands og um ráðstöfun lóðarleiguréttindanna

Í greinargerðinni þarf m.a. að koma fram:

- Á hvaða fundi bæjarstjórnar Kópavogs var lóðinni úthlutað?
- Á hvaða heimild byggði bæjarstjóri Kópavogs þegar hann gerði lóðarleigusamning við Olíuverzlun Íslands?
- Hafði bæjarráð verið upplýst um nýjan lóðarleigusamning þegar beiðni um framsal var lögð fyrir bæjarráð til afgreiðslu í júní 2022?
- Hvernig hefur bæjarráði verið gert kleift að sinna því samningsbundna hlutverki sínu samkvæmt 4.gr. samningsins að fylgjast með að framkvæmdum og frágangi á lóðinni ljúki innan tilskilins tíma, þ.e. „eigi síðar en 30. mars 2025“?
- Á grunni hvaða heimildar er ákvæði 18.gr. lóðarleigusamningsins um að á lóðinni skuli ekki rísa bensínstöð eins og kveðið var á um í fyrri samningum?
- Hefur bæjarráð heimild samkvæmt 3. og 4.gr. samningsins til að afturkalla úthlutun lóðarinnar vegna vanefnda sem við blasa?

Afrit af gögnum varðandi lóðarréttindi félagsins skulu fylgja umbedinni greinargerð.

Bergljót Kristinsdóttir
Helga Jónasdóttir
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir